



## Umsögn

um frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940  
(samfélagsþjónusta ungra brotamanna)

154. löggjafarþing 2023–2024

Þingskjal 232 — 229. mál



Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar frá 19. október sl. þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint frumvarp sem lýtur að samfélagsþjónustu ungs brotafólks. Afstaða þakkar traustið sem nefndin sýnir félaginu og lýsir félagið sig tilbúið til að mæta á fund nefndarinnar til þess að fara yfir efni umsagnarinnar og svara spurningum sem nefndarmenn kunna að hafa.

Afstaða hefur á umliðnum árum kallað eftir fjölgun valmöguleika fyrir dómara landsins þegar kemur að úrræðum öðrum en fangelsisrefsingu eða sektum. Að mati félagsins væri nærtækast ef dómamarar hefðu þá möguleika að geta dæmt brotafólk til ýmissa vægari úrræða sem nýst gætu einstaklingum sem farið hafa út af beinu brautinni betur en vanabundin refsing. Kemur þar meðal annars til álita áfengis- og vímuefnaeðferðir, þjónusta geðheilsuteymis, samfélagsþjónusta og rafrænt eftirlit. Á þetta ekki síst við þegar kemur að ungu afbrotafólki sem með réttu á ekki heima í lokuðum fangelsum með sér eldra fólki.

Þegar eru til staðar í lögum ákvæði sem snúa beint að ungu brotafólki en auðséð er að sú löggjöf nær of skammt auk þess sem hún er langt frá því að geta talist í takt við nútímann og þá endurhæfingastefnu sem Evrópuþjóðir hafa í auknum mæli mótað sér og um leið mildað hina grimmilegu refsistefnu. Í þessu sambandi liggur beinast við að nefna hið alræmda stríð gegn vímuefnum sem háð hefur verið með þeim eina árangri að leggja líf fólks í rúst, þá sérstaklega ungs fólks sem hefði verið hægt að beina í rétta átt.

Að mati Afstöðu er með frumvarpinu ekki gengið nægilega langt í þessum efnum og er félagið orðið langþreytt á því að löggjafavaldið kýs heldur að plástra tiltekna lagabálka í stað þess að ráðast í heildarendurskoðun. Að því sögðu þá ákvað dómsmálaðráðherra nýverið að skipa starfshóp um heildarendurskoðun á lögum um fullnustu refsinga þar sem áhersla verður lögð á endurhæfingu brotafólks með það að markmiði að fækka endurkomum í fangelsi. Afstaða hefur átt í reglulegu og góðu samstarfi við dómsmálaráðuneytið og bindur vonir við að starfshópurinn muni skila nútímalegri tillögu að frumvarpi strax á næsta ári. Afstaða mun fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að við vinnu starfshópsins sem að mati félagsins er afar mikilvægt til þess að góð sátt náist um lögin.

Í ljósi þess sem að framan greinir telur Afstaða að bíða eigi þar til starfshópur dómsmálaráðuneytisins skilar af sér niðurstöðu enda heillavænlegra að endurskoða



lögin í heild sinni. Að því sögðu getur Afstaða ekki stutt ofangreint frumvarp um samfélagsþjónustu ungs brotafólks að sinni.

Reykjavík, 2. nóvember 2023

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Afstöðu,

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður